

Er næsta uppsveifla hjá sjóbirtingnum að hefjast?



Jóhannes Sturlaugsson,
líffræðingur

Ljósmyndir: Gótt!

Sjóbirtingsveiði verður sífellt vinsælli hér á landi en miklar sveiflur hafa verið í stofnunum undanfarna áratugi, af ýmsum orsökum. Jóhannes Sturlaugs-son, líffræðingur hjá Laxfiskum, veltir því fyrir sér að mögulega sé næsta stóra uppsveifla hjá sjóbirtingnum að hefjast.

Eftir

Steingrím Sævarr Ólafsson

Mörgum veiðimanninum þykir fátt skemmtilegra en að eltast við sjóbirting, þennan kröftuga og skemmtilega fisk sem gerir allt vitlaust í hugum þeirra á vorin og haustin.

Á þessari öld setti slæmt ástand sand-sílastofnsins við Suðurströndina mark sitt á sjóbirtingsstofna í ám á því svæði, sem og á önnur dýr sem byggja afkomu sína líka að miklu leyti á sandsíli svo sem lundinn og krian eru dæmi um. Jóhannes Sturlaugs-son, líffræðingur, og helsti sér-fræðingur okkar í sjóbirtingnum, segir því vera uppörvandi að heyra að sandsílið sé að rétta úr kútnum.

„Sú örtilta hækkun sem orðið hefur á lofthita hérlandis að meðaltali leiðir af sér tilheyrandi hækkun á hita ánnna sem hefur jákvæð áhrif á íslenska urriða þar með talda sjóbirtinga, einkum seiðin, því urriðinn er hérlandis á norðurmörkum

hnattrænnar úrbreiðslu sinnar. Spár um þróun í lofthita vísa til þess að hagur sjóbirtingsins vænkist enn frekar hvað þann þátt varðar,“ segir Jóhannes. Hann bendir á að sjóbirtingsveiðin endurspegli stofn-stærðarsveiflur hjá sjóbirtingi að töluverðu leyti.

„Mörg mögur sandsílaár hafa veikt stofna sjóbirtingsins a.m.k. á sunnaveiðu landinu. Á sama tíma hefur aukið vægi veiðiháttarins „veiða og sleppa“ haft jákvæð áhrif á stofna sem eru nýttir með stangveiði. Sjóbirtingsveiði á þekktustu slóð sjóbirtingsins sunnan jökla við suðurströnd landsins vex nú hægum skrefum þegar tekið er mið af ám á borð við Tungufjót og Eldvatn, sem ekki hafa orðið fyrir staðbundnum áföllum. Kannski er þetta fyrsta merki þess að næsta uppsveifla í stærð sjóbirtingsstofna sé að hefjast. Staða sjóbirtingsins á landsvísu er eitthvað sem ég treysti mér ekki til að svara um svo gagn sé að.





„Ekki má heldur gleyma því að sjúkdómar sem reglulega skjóta upp kollinum í laxeldi í kvíum geta einnig skert tilvistargrundvöll sjóbirtingsins.“



Hinsvegar get ég sagt að á þeim svæðum þar sem sjóbirtingar koma við sögu í árlegum rannsóknum mínum þá virðast þeir halda sínu eða gott betur. Það er helst í ám í nágrenni við kvíaldi á laxi að ég hef áhyggjur af sjóbirtingnum vegna þeirra neikvæðu áhrifa sem laxalúsin sem fylgir þeim iðnaði hefur á vöxt og lífslíkurlirkinga. Ekki má heldur gleyma því að sjúkdómar sem reglulega skjóta upp kollinum í laxeldi í kvíum geta einnig skert tilvistargrundvöll sjóbirtingsins.“

Margir þrautreyndir veiðimenn eiga enn oft erfitt með að glöggva sig fyllilega á gangi sjóbirtingsins og segir Jóhannes það ekki nema eðlilegt að menn ruglist aðeins, ekki síst þegar þeir setja í hásilfraða sílspikaða gelda sjóbirtinga að vori eða í byrjun sumars.

„Það eru einmitt þeir fiskar sem fólk getur ekki séð öðruvísi fyrir sé en að þeir séu nýgengnir í ána eftir veisluhöld í sjónum. Staðreyndin er hinsvegar sú að slíkir bjartir geldfiskar að vori hafa lokið þeim veislu-

„Stangveiði sem grundvallast á „veiða og sleppa“ eykur líkur á því að sami fiskur veiðist oftari en einu sinni sama veiðitímabilið.“



höldum á ætisslóð sjávar 6-10 mánuðum fyrir, er þeir gengu í árkerfið á áliðnu sumri eða að haustinu árinu á undan. Vetrarvist geldfisksins markast af athafnaleysi og slíkt letilíf í lágum vatnshita gerir það verkum að fiskurinn er jafn pattarlegur og raun ber vitni að vorinu, en síðan er það hinn silfraði árlegi sjógöngubúningur sem birtingar klæðast fyrir sjógönguna sem endanlega slær ryki í augu sumra veiðimanna. Meira að segja vel haldnir hrygningarfiskar í silfurslegnum göngubúningi að vori eru stundum svo reffilegir, þrátt fyrir allt sitt hrygningarstreð og tilheyrandi orkuútlát, að sumir veiðimenn vilja ekki kannast við annað en að þeir séu að skila sér úr sjó en ekki að leggja á ætismiðin það sumarið. Umræðan um það hvort birtingur að vori sé að koma eða fara er ekki verra umræðuefni en margt annað. Í hnotskurn gildir þó hérlandis að göngumynstur birtinga hefur alltaf reynst það sama, þó að undantekning hafi fundist



„Ástundun „veiða og sleppa“ í vorveiði gerir fiskinum kleift að skila sér á ætislóð í sjó þar sem hann nær að byggja sig upp eftir vetrardvölina í ferskvatninu. Í dag finnst flestum þetta sjálfsagt fyrirkomulag en ég man að það voru aldeilis skiptar skoðanir um þetta þegar ég fór fyrst fyrir alvöru að hafa afskipti af sjóbirtingi síðla á liðinni öld. Umrðan um gagnsemi „veiða og sleppa“ í sjóbirtingsveiði hefur á seinni árum einkum tengst því hversu nauðsynlegt það sé að sleppa sjóbirtingi sem er að skila sér úr hafi.“



hjá gömlum hrygningarfiski. Nefnilega það að sjóbirtingar ganga á ætisslóðir sínar í sjó að vori eða fyrrihluta sumars og skila sér síðan síðar sama sumar eða um haustið aftur upp í árnar til vetursetu sem hefst á hrygningu í tilfelli þeirra fiska sem eru kynþroska,“ segir Jóhannes.

Og hann er einn af þeim sem er ekki í vafa um gildi þess að veiða og sleppa.

„Ýmsir eiginleikar urriðans, hvort heldur hann er staðbundinn í ferskvatni eða gengur til sjávar sem sjóbirtingur, gera það að verkum að mögulegt er að nota „veiða og sleppa“ veiðiháttinn til gagns fyrir marga þá urriðastofna sem í hluta eiga. Gagnsemin tekur líka til hagsmuna veiðimanna í ljósi þess að þessi veiðiútfærsla leiðir almennt til þess að veiðin er

jafnari og meiri. Stangveiði sem grundvallast á „veiða og sleppa“ eykur líkur á því að sami fiskur veiðist oftast en einu sinni sama veiðitímabilið, auk þess leiðir sá veiðiháttur til þess að þeim birtingum fjölgar sem ná að skila sér oftast úr sjó með tilheyrandi þátttöku í hrygningunni – og um leið fjölgar í röðum stærri fiska. Ástundun „veiða og sleppa“ í vorveiði gerir fiskinum kleift að skila sér á ætislóð í sjó þar sem hann nær að byggja sig upp eftir vetrardvölina í ferskvatninu. Í dag finnst flestum þetta sjálfsagt fyrirkomulag en ég man að það voru aldeilis skiptar skoðanir um þetta þegar ég fór fyrst fyrir alvöru að hafa afskipti af sjóbirtingi síðla á liðinni öld. Umræðan um gagnsemi „veiða og sleppa“ í sjóbirtingsveiði hefur á seinni árum einkum tengst því hversu nauðsynlegt það sé að sleppa sjóbirtingi sem er að

skila sér úr hafi. Þá er gjarnan vísað til þess hversu marga fiska þurfi til að halda uppi nægilegri nýliðun og einnig oft verið að velta vöngum yfir því hvort of mikil hrygning leiði ekki til of mikillar nýliðunar, sem valdi því síðan að samkeppni á milli seiðanna um takmarkað æti í ánum höggvi skörð í þeirra raðir í stað þess að styrkja stofninn. Umræða af þessu tagi er eðlilegur og sjálfsagður hluti hjá þeim sem nýta þá auðlind sem sjóbirtingsstofnar okkar eru, hvort heldur það eru stangveiðimennirnir eða eigendur ánnar sem föstra þá stofna. Vegna öfga sem stundum koma við sögu í þeirri umræðu, er þarft að hafa í huga að almennar veiðar á fiskum og ýmsar aðrar íhlutanir mannsins geta skaðað fiskistofna og gott betur ef hart er gengið fram. Engum sögum fer hinsvegar af skaða á villtum fiskistofnum þegar þeir eru óáreittir frá hendi manna eða vegna þess að fólk eigi ánægjustundir við veiðar á þeim fiskum án þess að drepa þá, líkt og „veiða og sleppa“ er dæmi um. Sumir vilja meina að reikna þurfi út hvort tilteknir sjóbirtingsstofnar þoli ekki að hluti og jafnvel allur sá fiskur sem veiðist sé landað án þess að skert sé sjálfbærni stofnsins með hliðsjón af nýliðun. Nútíma Íslendingurinn á almennt ekki í vandræðum með að afla sér matar og ef menn skyldi skorta matvæli þá eru til ódýrari og auðveldari leiðir til að afla þeirra en með sjóbirtingsveiði. Það er ofar á forgangslista þeirra sem eiga vinsælustu sjóbirtingsveiðiárnar að tryggja eftir megni sem mestar tekjur af veiðinni heldur en að nýta sjóbirtinginn til matar, en þeir eigendur eru að stórum hluta bændur sem stunda tekjulitinn sauðfjárbúskap. Með innleiðingu „veiða og sleppa“ hefur veiðiréttareigendum tekist að tryggja jafn-

ari sjóbirtingsveiði og stærri fiska sem auðveldar sölu á dýrari veiðileyfum. Um leið tryggir sú veiðiútfærsla eftir því sem hægt er að hrygningarfisk skorti ekki um hrygninguna, sem stundum er ekki vanþörf á. Einnig stuðlar sú aðferð að því að breytileikinn í hópi hrygnandi sjóbirtinga, hvað stærð og aldur varðar, sé sem mestur sem hefur mikilvæg jákvæð áhrif á viðgang þessara stofna. Sé litið til hagsmuna sjóbirtingsstofnanna, og reyndar veiðimanna og bænda einnig, þá er ljóst hversu gagnlegt það er að stunda „veiða og sleppa“ í sjóbirtingsveiðinni.“

Eins og áður sagði er Jóhannes einn helsti sérfræðingur Íslands í sjóbirtingnum, en rannsóknir hans á atferli sjóbirtings í sjó hófust árið 1995 þegar hann fór fyrst að nota mælimerki til að kortleggja göngu-hegðunina.

„Þær rannsóknir mínar skiluðu fyrstu samfelldu mæligögnum á veraldarvísu yfir hegðun og umhverfi sjóbirtinga alla sjávargönguna – og opnuðu þannig algerlega nýja sýn á líf sjóbirtingsins í sjónum. Árlegar rannsóknir mínar á sjóbirtingi í sjó við strendur landsins sunnan og suðvestanvert spanna ríflega 20 ár þar sem atferlisvistfræði birtinga hefur verið kortlögð með notkun rafeindafiskmerkja. Gögnin sem aflað var sýna meðal annars að dýpið sem hrygningarfiskar og geldfiskar í veiðistærð fóru um í sjó var svipað. Sjógöngunni eyddu birtingarnir að mestu leyti í hitaskiptalagi sjávar með ströndum fram og þar dvöldu þeir bróðurpartinn af tímanum í efstu 5 metrunum, þó svo að þeir syntu stundum niður örfáa tugi metra í skamma stund.



“Hjá sjóbirtingum á Suðurlandi úr Grenlæk og Tungulæk, þá er dæmigert að sjógangan hefjist í maí eða júní og ljúki síðan á tímabili sem spannar frá síðari hluta júlí og fram í september.“



Rannsóknir mínar sýna ennfremur að stórvaxnir gamlir hrygningarfiskar ganga mun lengra frá heimaósnunum en smærri og yngri sjóbirtingar, sem þó fara um töluverð svæði, þar með taldir geldfiskarnir sem staðfest var að fóru ríflega 30 km út frá heimaósi sínum. Tímasetning sjógöngunnar reyndist mismunandi á milli fiska á þessum lífsstigum. Geldfiskurinn gengur síðar í sjó en hrygningarfiskurinn og hann rekur einnig lestina þegar birtingurinn gengur úr sjó í árnar. Hjá sjóbirtingum á Suðurlandi úr Grenlæk og Tungulæk, þá er dæmigert að sjógangan hefjist í maí eða júní og ljúki síðan á tímabili sem spannar frá síðari hluta júlí og fram í september. Suðvestanlands þá reyndust sjóbirtingar úr Botnsá ganga fyrr til sjávar að hluta, bæði í mars og apríl, en skila sér úr sjó á sama tíma og meðbræður austar á landinu. Rannsóknir mínar sýna einnig að því eldri og stærri sem hrygningarfiskurinn er og því fleiri hrygningarár sem hann á að baki, því fyrr gengur hann til sjávar,“ segir Jóhannes.

„Seiði sjóbirtingsins alast upp í ánni í 2 - 5 ár áður en hann gengur fyrst til sjávar að sumri til. Í kjölfarið gengur sjóbirtingurinn árlega í sjó að sumrinu, ævi sína á enda. Að afloknum tveimur til fjórum sjóferðum, hrygnir sjóbirtingurinn í fyrsta sinn og síðan árlega eftir það. Sjóbirtingurinn getur orðið býsna gamall.“



Ög lífsferill sjóbirtingsins er eftirfarandi, fyrir áhugasama veiðimenn.

„Seiði sjóbirtingsins alast upp í ánni í 2 - 5 ár áður en hann gengur fyrst til sjávar að sumri til. Í kjölfarið gengur sjóbirtingurinn árlega í sjó að sumrinu, ævi sína á enda. Að afloknum tveimur til fjórum sjóferðum, hrygnir sjóbirtingurinn í fyrsta sinn og síðan árlega eftir það. Sjóbirtingurinn getur orðið býsna gamall. Sá elsti sem ég veit til þess að hafi komið við sögu í rannsóknnum mínum er 14 ára hrygna ára úr Tungulæk sem var rúmlega 86 cm löng en hún hafði gengið 9 sumur í sjó. Eftir því sem ég best veit þá er það hæsti þekkti aldur á sjóbirtingi hérlandis og sjóferðirnar hans 9 eru einnig met hvað varðar þekktan hámarksfjölda sjóferða hjá sjóbirtingi hér við land.“

Sem dæmi um hversu víðförull sjóbirtingurinn getur verið, er rétt að biðja Jóhannes um að rifja upp eftirminnilega sögu sem tengist Surtsey.

„Já, ferðir þess sægarps úr Tungulæk er á fjölmarga vegu stórmerkilegar og reyndar forsagan öll hvað þann fisk varðar. Ég veiddi þann sjóbirting fyrst þegar að ég var að veiða sjóbirtinga til merkinga í Tungulæk á hrygningartíma 2007 og síðan aftur ári seinna á sama staða og tíma. Vorið 2009 merki ég hann með mælimerki og stefndi á endurfund í Tungulæk haustið 2009 eða 2010 þar sem ég ætlaði mér að ná merkinu með mæligögnum frá ferðum fisksins. Sú von gekk ekki eftir og það var því sérlega ánægjulegt þegar ég heyrði að skip á makrílveiðum hefði veitt sjóbirtinginn ferðaglaða í troll um

35 km suðaustur af Surtsey sumarið 2011. Þá var þessi 81 cm langi og 12 ára gamli hængur úr Tungulæk staddur um 160 km vestur af heimaósi sínum, Veiðiósi, þar sem Skaftá og Grenlækur renna til sjávar. Þetta er mesta fjarlægð sem vitað er til að sjóbirtingur hérlandis hafi gengið frá heimaósi sínum, auk þess sem fiskurinn var lengra frá landi en upplýsingar eru til um frá öðrum sjóbirtingum sem veiðst hafa í sjó hér við land. Mesta happið við veiðina á þessum gamla sjóbirtingshæng var þó sú að mælimerkið sem hann bar hafði skráð 3 síðustu sjóferðir fisksins eftir merkingu hans vorið 2009, en þau gögn sýndu meðal annars ferðir hans niður á 70 metra dýpi. Fyrsta skráða sjóganga fisksins spannaði frá maí og fram í ágúst 2009. Ári síðar hefst ætisganga birtingsins í sjó á hefðbundnum tíma í maí, en sjávarðvölin það ár varð lengri en dæmi eru um hjá sjóbirtingi hérlandis því hann skilaði sér ekki upp í ána fyrr en að hálfu ári liðnu. Síðan breytir hann enn frekar út af þekktri hegðun sjóbirtinga hér við land þegar hann tekur upp á því að byrja næstu sjóferð sína strax að vetrinum í desember 2010. Sú ætisganga þessa stóra og gamla

birtings, sem var jafnframt hans áttunda í röðinni, stóð samfelld allan veturinn og fram á sumarið 2011 þegar hann veiddist. Niðurstaða sem sýnir okkur að til eru frávík frá því megin göngumynstri sem ég hef kortlagt hjá íslenskum sjóbirtingum í veiðistærð. Þetta frávík bendir til þess að sjóganga aldurniginna stórvaxinna sjóbirtinga geti almennt verið með öðrum hætti en þeirra sem yngri og minni eru. Það verður fróðlegt að sjá hvort að frekari rannsóknir á sjóbirtingi í sjó skili upplýsingum um fleiri frávík frá megin stefnu í sjögöngu sjóbirtinga hér við land.“

Rétt í lokin er rétt að biðja Jóhannes um að rýna aðeins í framtíðarhorfur þessa skemmtilega fisks.

„Horfur í veðurfari og útfærslu veiða á næstu árum lofa góðu fyrir íslenska sjóbirtingsstofna ef afrán á þeim í sjó eykst ekki til muna, og ef sveiflur í framboði ætis á ætisslóð þeirra í sjó verða á sama röli og á undangengnum áratugum. Því er líklegt að íslenska sjóbirtingnum vegni vel í nánustu framtíð.“



„Horfur í veðurfari og útfærslu veiða á næstu árum lofa góðu fyrir íslenska sjóbirtingsstofna ef afrán á þeim í sjó eykst ekki til muna.“